

Það er á ábyrgð atvinnurekanda að sjá til þess að starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi hlífðarbúnaði, fái fullnægjandi þjálfun í notkun hans og sé upplýst bæði um ávinning og áhættu við notkun hlífðarbúnaðar, sjá lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, [nr. 46/1980](#). Auðvelt skal vera að nálgast og klæðast hlífðarbúnaði áður en farið er inn á svæði þar sem hugsanlega sýktir fuglar eru, sjá reglugerð um notkun persónuhlífa, [nr. 1290/2022](#).

Viðeigandi hlífðarbúnaður fyrir þá sem vinna með hugsanlega sýkta fugla

- **Ógegndræpir einnota hanskar** (latex eða nitril) eða margnota gúmmíhanskar sem hægt er að sótthreinsa að notkun lokinni. Ef vera þarf lengi í hönskum kemur til greina að vera í þunnum bómullarhönskum undir til að verja húð gegn svita. Eftir notkun skal strax fara úr hönskum og henda þeim án þess að menga húð og/eða yfirborð í umhverfi. Gæta skal þess að snerta ekki hanska að utanverðu með berum höndum. Hendur skulu þvegnar og/eða sprittaðar á eftir.
- **Hlíf gegn smiti um öndunarveg:** Fínagnagríma sem er veiruheld (FFP2/N95) og passar á viðkomandi, þ.e. fellur þétt að andliti, getur varið gegn smiti.
- **Hlífðarglæraugu með hliðarvörn** sem falla vel að augnsvæði notandans.
- Til eru **veirupéttar hettur eða höfuðhlífar** sem hylja allt höfuðið með glæru plasti yfir andlitið (*e. hood*) sem geta komið í stað glæraugna og grímu en fylgja yfirleitt einnota samfestingi. Slíkur búnaður hefur ekki verið algengur hér á landi.

Að auki er eftirfarandi búnaður æskilegur, a.m.k. við aflífun sýktra fugla og annarra dýra:

- **Hlífðarfátnaður með áfastri hettu** sem hylur allt höfuðhár. Best er að nota einnota ógegndræpa samfestinga. Ef búningar eru ekki vatnsheldir þarf að bera ógegndræpar svuntur. Ef hlífðarfátnaður hefur ekki áfasta hettu skal nota einnota húfu. Margnota hlífðarfátnað þarf að þvo eftir hverja notkun.
- **Gúmmístígvél** sem hægt er að þvo og sótthreinsa á milli nota.

Verklag við að afklæðast og losa sig við notaðan hlífðarbúnað:

Starfsfólk skal afklæðast hlífðarfátnaði, fara í sturtu og klæðast hreinum fatnaði áður en farið er af vinnustað eða til annarra verka. Sturtuaðstaða skal vera fyrir hendi ásamt aðstöðu til að þvo og sótthreinsa annan margnota búnað.

Starfsfólk skal fara úr notuðum hlífðarfátnaði í ákveðinni röð og fá þjálfun til þess:

- 1) Fara úr hönskum
- 2) Fara úr hlífðarsloppi/galla
- 3) Þvo eða spritta hendur
- 4) Taka niður augnhlíf
- 5) Taka niður grímu/andlitshlíf
- 6) Þvo og/eða spritta hendur

Notaðan hlífðarbúnað skal strax leggja í:

- 1) Einnota búnaður: Ruslafötu með lekaheldum plastpokum merktum „söttmengað“.
- 2) Margnota búnaður úr taui: Taugrind fyrir óhreinan margnota búnað.